

# Aðalfundur í Hestamannafélaginu Glað haldin í Rauðakrosshúsinu í Búðardal þann 9. apríl 2019

Á fundinn eru mættir 16 félagar

1. Valberg formaður félagsins setti fundin og bauð fólk velkomið, kostning starfsmanna á fundinum og var stungið upp á Valberg sem fundarstjóra og Vilberg sem ritara og var það samþykkt.
2. Skýsla stjórnar: Leyst var úr skuldavanda reiðhallarinnar, þar sem hlutur Glaðs var 2.5m Hrossaræktarsambandið 1,5m og síðan Dalbyggð 4m.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir.

Glaður tók þátt í 100 ára afmælisþingi UDN þann 5 apríl.

LH þing: Þrír fulltrúar frá Glað sátu þing Landssambands hestamannafélaga á Akureyri 12-14 október. Félagið á einnig fulltrúa í Tölvunefnd LH sem er Þórður.

Reiðvegamála: Glaður fékk 900 þúsund. Klárað við Laxárós. Borið ofan í reiðveg/veiðiveg, byrjað að laga hjá Ljárskógum, áningarhólf í Haukadall. Glaður fær núna 1200 þúsund. Aukning á svæðið úr 6,5 m í 8 m.

Skemmtinefndin hélt Skemmtikvöld þann 18. apríl og þar voru m.a. veittar viðurkenningar fyrir árangur í keppni.

Afmælisnefnd: Afmæli var haldið hjá félaginu þar sem Glaður er næst elsta hestamannafélag landsins og fagnaði 90 ára afmæli sínu á árinu 2018 og af því tilefni riðu félagsmenn til sérstakrar hátíðarmessu í Hjarðarholtskirkju þann 19. ágúst í blíðskapar veðri.

Vegleg afmælishátíð var haldin að Laugum 19 nóvember. Við það tilefni voru 8 einstaklingar gerðir að heiðursfélögum.

Gísli Þórðarson  
Grettir Börkur Guðmundsson  
Gunnar Örn Svavarsson  
Ingibjörg Eypórsdóttir  
Kristján Gíslason  
Margrét Guðbjartsdóttir  
Marteinn Valdimarsson  
Svavar Jensson

Aðsókn var góð og hátíðin þótti heppnast vel. Félaginu bárust gjafir og kveðjur frá nágrannafélögum og frá Landssambandi Hestamannafélaga.

Mótanefnd: Mótahald var með hefbundnum hætti hjá félaginu á árinu 2018. Haldin voru þjú innanhússmót í febrúar og mars: Smalamót, Þrínagsmót og Tölmót. Vetrarleikar eru fyrsta útimótið okkar og var haldið á reiðvellinum í byrjun apríl. Ópið hestaþróttamót sem halda átti í apríl var því miður fellt niður vegna dræmrar þátttöku. Úrtökumót fyrir landsmót var

sameiginlegt með Dreyra á Akranesi 9.-10. júní. Hestaþing Glaðs var haldið 23. júní og var það sömuleiðis opið mót. Þrír fulltrúar frá Glað kepptu svo á Landsmóti í Viðidal.

Fræðslunefnd : Svala fór fyrir verkefni síðasta árs og síðan fór hún yfir verkefni vetrarins, og komandi sirkusverkefni/reiðnámskeið.

3. Farið yfir reikninga. Svala gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Á rekstrarreikningi eru gjöld 3.684.848 og tekjur 8.847.133. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir 5.162.285 Afskriftir eru 297.364 og er því rekstrarniðurstaðan 4.864.921  
Á efnahagsreikningi er eigið fé 13.534.663 og skuldir og eigið fé 14.028.676  
Á rekstrarreikningi kemur 4 milljónir frá Dalabyggð sem eru eyrnamerkta Nesodda og skýrir góða afkomu félagsins á ármótum.
4. Umræður um skýslu stjórnar og reikningar. Þar sem Þórður Ingólfsson hrósaði fyrir að klára að gera upp skuld Nesodda.  
Sjöfn hrósaði okkur fyrir hlýjar og góðar móttökur.
5. Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.
6. Kosningar skv. 6 grein laga félagsins.  
Ritari var kosinn og var Vilberg Þráinsson endurkjörinn  
Gjaldkeri: Það þurfti að kjósa nýjan gjaldkera Valberg stakk uppá Ingu Heiðu og var það samþykkt samhljóða.  
Skoðunarmaður reikninga: Stungið var upp á Þórði Ingólfssyni og var það samþykkt samhljóða.  
Fulltrúa á sambandsþing UDN er það í umboði stjórnar.  
Varagjaldkeri var kosin Gyða Lúðvíksdóttir  
Vara ritari var kosin Margrét Guðbjartsdóttir.
7. Kosning nefnda skv. Tillögu stjórnar eða aðalfundar

#### Fræðslunefnd

Svala Svavarsdóttir, formaður  
Björk Guðbjörnsdóttir  
Sigrún Hanna Sigurðardóttir  
Svanborg Einarsdóttir  
Styrmir Sæmundsson

#### Mótanefnd

Gísli Sverrir Halldórsson,  
formaður  
Eyþór Jón Gíslason  
Laufey Fríða Þórarinsdóttir  
Sjöfn Sæmundsdóttir  
Skjöldur Orri Skjaldarson

#### Reiðveganefnd

Valberg  
Sigfússon,  
formaður  
Ólafur  
Guðjónsson  
Þórarinn  
Birgír  
Þórarinsson

## Skemmtinefnd

Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður  
Gunnar Bjarki Jóhannsson  
Málfriður Mjöll Finnsdóttir  
Viðar Þór Ólafsson

## Tölvu og tækninefnd

Þórður Ingólfsson  
Eyþór Jón Gíslason  
Svala Svavarsdóttir, formaður  
Viðar Þór Ólafsson

8.

Ákvörðun árgjalds: Kom hugmynd um  
6500 kr fyrir fullorðna og 2500 fyrir börn  
Samþykkt samhljóða

9. Önnur mál:

þarf að gera nauðsynlegar endurbætur á dómpalli fyririr næsta mót.  
Reiðhöll þarf að fara í lagfæringar: skoða lýsingu og lagfæra hurð við aðalainngang.  
Hugsanlega stíur fyrir hesta í reiðhöllinni til stinga inni meðan þjálfað er eða fólk kemur að  
með nokkur hross.

Fundið slitið 21:00  
Vilberg Þráinsson